

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og**

Aðildarfélag Starfsgreinasambands Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 26. júní 2018, kl. 10:00, að Borgartúni 30.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands mættu Árni Steinar Stefánsson, Björn Snæbjörnsson og Hjördís Þóra Sigurbórsdóttir. Frá SNS mættu Berglind Eva Ólafsdóttir, Benedikt Þór Valsson, Inga Rún Ólafsdóttir og Ellisif Tinna Víðisdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Breyting á vaktafyrirkomulagi hlutastarfandi sjúkraflutningamanna á Hornafirði

Erindi frá Afli starfsgreinafélagi.

Sjúkraflutningamönnum í hlutastarfi sem starfa hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Hornafirði (HSU) eftir kjarasamningi AFLs við SNS var tilkynnt í lok september 2016 um breytingu vaktafyrirkomulags.

Fyrir þessa breytingu höfðu sjúkraflutningamennirnir starfað samkvæmt sömu vaktskrá í áratugi, sem var þannig að þeir voru á bakvakt allan sólarhringinn aðra hverja viku, 2 í senn en alls voru 4 sjúkraflutningamenn sem sinntu þessu starfi.

Með áðurnefndri breytingu á vaktavinnufyrirkomulaginu voru ráðnir inn 4 nýir sjúkraflutningamenn og einum sjúkrabíl bætt við. Þannig fækkaði bakvöktum hvers starfsmanns með tilheyrandi breytingu á launum. Nú skipta 8 menn með sér þeirri vinnu sem 4 sinntu áður.

Um greiðslu fyrir bakvaktir sjúkraflutningamanna HSU fer samkvæmt sérákvæði AFLs í kjarasamningi aðila.

Afstaða AFLs er sú að segja hefði átt upp því starfshlutfalli sem sjúkraflutningamenn höfðu starfað eftir og ráða þá í nýtt starfshlutfall. Gerir félagið jafnframt þá kröfu að heilbrigðisstofnunin greiði starfsmönnum samkvæmt óbreyttu starfshlutfalli frá 1. janúar 2017 til loka fjögurra mánaða uppsagnarfrests þ.e. til 30. apríl 2017.

Afstaða SNS

Útkallstíðni í sjúkraflutningum á þjónustusvæði HSU hefur aukist mjög mikið undanfarin ár þessu hefur fylgt verulega aukið álag á sjúkraflutningamenn sem sinna þessum verkefnum í tímavinnu samhliða aðalstarfi sínu. Brugðist var við þessum aðstæðum með því að fjölga hlutastarfandi sjúkraflutningamönnum og auka þar með öryggi í sjúkraflutningum til muna á þjónustusvæði HSU.

Þann 29. sept 2016 boðaði framkvæmdastjóri HSU hlutastarfandi sjúkraflutningamenn á fund og tilkynnti þeim um fyrirhugaðar breytingarnar á bakvaktafyrirkomulagi þeirra frá 1. janúar 2017. Á fundinum kom einnig fram að dregið yrði úr fjölda bakvakta á hvern starfsmann og kynntar hugmyndir að breytingum. Á fundinum var starfsmönnum jafnframt afhent bréf þar

sem breytingin var tilkynnt. Í bréfinu var sömuleiðis vakin athygli á því að óska mætti eftir frekari rökstuðningi fyrir ákvörðuninni innan 14 daga í samræmi við ákvæði 21. gr. laga nr. 37/1993. Starfsmenn staðfestu móttöku bréfsins með undirskrift sinni. Engar óskir um frekari rökstuðning bárust frá starfsmönnum innan fyrrgreinds tímafrests.

Almennt gildir sú regla að ákvörðun vinnuveitanda um breytingar á störfum og verksviði starfsmanns skal tilkynna skriflega. Í bréfinu skal koma fram hvenær breytingarnar munu verða, í hverju þær felast og hvort þær hafa áhrif á launakjör og/eða önnur réttindi starfsmanns.

Í gr. 11.1.4.1 í kjarasamningi aðila er einnig ákvæði sem kveður á um skyldu starfsmanns til að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því er hann tók við starfi, jafnvel þó að það leiði til skerðingar á launakjörum eða réttindum hans.

Í grein 11.1.4.1 í kjarasamningi aðila segir:

„Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum á störfum sínum og verksviði frá því hann tók við starfi. Umtalsverðar breytingar ber að tilkynna með sama fyrirvara og ef um uppsögn væri að ræða. Í slíkum tilvikum ber starfsmanni að tilkynna vinnuveitanda innan mánaðar hvort hann uni breytingunum eða muni láta af störfum, eftir þann tíma sem uppsagnarfrestur kveður á um, frá því að honum var tilkynnt um breytinguna með formlegum hætti.

Ef breytingarnar hafa í för með sér skert launakjör eða réttindi skal hann halda óbreyttum launakjörum og réttindum jafn langan tíma og réttur hans til uppsagnarfrests er samkvæmt samningi þessum.“

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að breyta megi bakvaktafyrirkomulagi með tilkynningu til starfsmanna með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Þeir starfsmenn sem hins vegar urðu fyrir skerðingu á launum eða réttindum vegna breytinga á bakvaktafyrirkomulaginu skulu halda óbreyttum launakjörum og réttindum jafn langan tíma og réttur þeirra til uppsagnarfrests er samkvæmt kjarasamningi aðila og frá þeim tíma að telja þegar lokaútgáfa vaktafyrirkomulags lá fyrir þ.e. frá 1. desember 2016.

2. Veikindaréttur hlutastarfandi sjúkraflutningamanns

Erindi frá Afli starfsgreinafélagi.

Hlutastarfandi sjúkraflutningamaður í starfi hjá HSU lenti í slysi við störf sín hjá HSU fyrr á þessu ári og verður óvinnufær í til að sinna starfi sínu til sjúkraflutninga næstu mánuði eða misseri. Deilt er um rétt starfsmannsins til veikindalauna.

Afstaða SNS.

Hlutastarfandi sjúkraflutningamenn eru tímavinnumenn og ráðnir í tímavinnu á grundvelli gr. 1.4.3 töluvið 4 í kjarasamningi aðila, en þar segir:

„Starfsmenn, sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum.“

Einnig er til samræmis vísað til ákvæða 14. kafla kjarasamnings SNS og Landssambands slökkviliðs og sjúkraflutningamanna, sem fer með samningsumboð fyrir hlutastarfandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn á landsvísu.

Að þessu sögðu er það afstaða SNS að um veikindarétt hlutastarfandi sjúkraflutningamanna gildi ákvæði gr. 12.2.2 í kjarasamningi aðila.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er ósammála í málinu. SGS telur að fara eigi samkvæmt grein 12.2.1.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:30